

OPINBER ÞJÓNUSTA OG MENNING – Ályktanir Haustþings SSV 2022

Haustþing SSV, haldið í Stykkishólmi 21.-22. september 2022, leggur fram eftirfarandi ályktanir um opinbera þjónustu og menningu:

Opinber þjónusta – málefni sveitarfélaga, fjármál og samskipti við ríkið

- Haustþing SSV gerir þá kröfu að ráðuneyti og Alþingi geri það að forgangsverkefni að fækka „gráum svæðum“ í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að við endurskoðun sveitarstjórnarlaga verði lögfest að óheimilt verði að fela sveitarfélögum verkefni eða leggja á þau auknar skyldur nema þau hafi verið kostnaðarmetin og fjármögnun þeirra að fullu tryggð.

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Til að standa undir þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin að lögum, þarf að tryggja þeim nauðsynlega tekjustofna sem þurfa að vera fjölbreyttir, stöðugir og gagnsærir. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að kostnaðarleg áhrif þeirra hafi að fullu verið metin og fullnægjandi fjármagn fylgt þeim.

Opinber störf á vegum ríkis og störf án staðsetningar

- Haustþing SSV skorar á ríkisstjórnina að fjölga opinberum störfum á Vesturlandi. Með því mætti efla landshlutann, styrkja vinnumarkaðinn, hagræða í opinberum rekstri og skapa meira jafnvægi á milli landshlutanna.
- Haustþing SSV skorar á ríkisstofnanir og ráðuneyti að fylgja af einurð eftir markmiðum núgildandi byggðaaðætlunar um að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.

Í september 2022 kom út skýrsla Byggðastofnunar, Hvar eru ríkisstörfin 31.12.2021. Þar sem fram kemur að flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu (72%) Þar er hlutfall stöðugilda hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Þetta á ekki við um neinn annan landshluta. Á Vesturlandi búa 4,5% landsmanna en hlutfall stöðugilda er 3,2%.

Viðs vegar á Vesturlandi hefur verið byggð upp góð vinnuaðstaða fyrir fólk sem stundar atvinnu sína í fjarvinnu þannig að innviðir eru til staðar efla og fjölga óstaðbundnum störfum. Jafnframt getur verið í því fólgin mikill ávinningur fyrir stofnanir og vinnustaði. Haustþing SSV fagnar frumkvæði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem hefur gefið það út að nær öll störf sem auglýst verða í ráðuneytinu verði auglýst án staðsetningar. Haustþing SSV hvetur jafnframt einkageirann til að nýta tækifæri sem felast í því að bjóða upp á óstaðbundin störf.

Framhalds- og háskólar

- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi njóti áframhaldandi stuðnings til að halda úti starfsemi sem byggir á sérstöðu og sjálfstæði hverrar stofnunar.

- Haustþing SSV fagnar því að tekist hefur með samstilltum aðgerðum að auka ásókn í iðnnám og hvetur ríkið til að tryggja fjármuni svo mæta megi þessari auknu aðsókn. Meðal annars þarf að fjölga menntuðum kennurum, tryggja verknámsskólum aðstöðu og tækjabúnað og ekki síst fjölga tækifærum til starfsmenntunar ófaglærðs starfsfólks og til iðnmenntunar á landsbyggðinni.
- Haustþing SSV hvetur ríkið til að skapa fjárhagslega hvata og veita í auknum mæli fjármagn til þeirra skóla sem bjóða opið og aðgengilegt nám á háskólastigi.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að leita leiða til að jafna frekar aðstöðumun námsmanna, t.d. með búsetustyrkjum/dreifbýlisstyrkjum.
- Haustþing SSV skorar ríkið til að nýta heimild í 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020. Greinin ákvarðar sérstaka ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun að settum skilyrðum og hvetur fjárveitingavald til að tryggja að slíkar ráðstafanir séu gerlegar.

Í 28. gr laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 er ráðherra veitt heimild til að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til námsmanna sem eru búsettir á sérstaklega tilgreindum svæðum í samráði við byggðastofnun. Markmiðið með þessari grein er að bregðast við skorti á starfsfólki með sérmenntun. Skilyrði fyrir ívilnuninni eru að :

1. fyrir liggi tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólki í byggð sinni,
2. fyrir liggi skýrsla unnin af Byggðastofnun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að bregðast við aðstæðum,
3. lánþegi hafi lokið námi og sé búsettur á skilgreindu svæði og nýti menntun sína þar að lágmarki í 50% starfshlutfalli í a.m.k. tvö ár og
4. fjármagn sé aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir ívilnuninni.

Haustþing SSV telur að tækifæri liggi í þessari ívilnun til að bregðast við skorti á læknum víða á Vesturlandi, sem og sálfræðinga, kennara og annars sérhæfðs starfsfólks. Jafnframt gerir það fólki sem hefur lokið námi og hefur áhuga á að flytja á landsbyggðina kleift að gera það.

Málefni fatlaðra og fólks með skerta starfsgetu

- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja aukið fjármagn til að standa undir þjónustu við fatlað fólk og stöðva langvarandi hallarekstur í málaflokksnum.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og vinnumarkaðinn að fjölga starfstækifærum fólks með skerta starfsgetu.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum af sívaxandi rekstrarhalla er varðar málaflokk fatlaðs fólks og stöðu sveitarfélaganna eftir að ábyrgð málaflokksins færðist á þau frá ríkinu fyrir rúmum áratug.

Lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins og hefur svo verið um nokkurra ára skeið. Greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun á þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 leiðir í ljós að

rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Brýnt er að grípa til aðgerða og stöðva þennan hallarekstur.

Með lögum nr. 38/2018 voru felld niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustusvæði. Breyting á þjónustusvæðum hefur að mörgu leyti einfaldað fyrirkomulag og stjórnun málaflokksins. Eftir sem áður er mikilvægt að sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þjónustu við fatlað fólk.

Fyrirtæki og stofnanir í atvinnurekstri hafa notið góðs af starfskröftum fólks með skerta starfsgetu. Haustþing SSV telur einnig brýnt að stefnt verði sérstaklega að fjölgun atvinnutækifæra fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu.

Ávinningurinn fyrir þennan samfélagshóp er mikill og eykur á lífsgæði fólks með skerta starfsgetu og fatlanir, sem fær tækifæri til að taka þátt í samfélaginu.

Heilbrigðisþjónusta og málefni aldraðra

Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að standa vörð um aukin framlög til reksturs dvalar- og hjúkrunarheimila sem náðust vorið 2022. Einnig að tryggt sé að ríkið greiði sanngjarna húsaleigu þar sem starfsemin er í húsnaði sem sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir eiga.

Á Vesturlandi eru rekin sjö hjúkrunar- og dvalarheimili; í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi, Fellsenda í Dalabyggð og á Akranesi. Í skýrslu sem KPMG vann fyrir SSV árið 2021 kemur fram að tap upp á ríflega 70 m.kr. varð samtals á rekstri fimm af sjö hjúkrunarheimila í landshlutanum árið 2020. Þetta sýnir hversu brýnt er að standa vörð um þær auknu fjárveitingar til málaflokksins sem hafa breytt rekstrarforsendum á þessu ári.

Innheimtu kostnaðarhlutdeildar verði létt af dvalar- og hjúkrunarheimilum

- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta innheimtuhlutverki hjúkrunar- og dvalarheimila um dvalarkostnað hluta heimilisfólks síns. Innheimta fari fram innan þess kerfis sem hefur verið þróað hjá Skattinum undanfarin ár.

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga þurfa sumir af heimilisfólki á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum á viðkomandi heimili og sá háttur hefur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild af heimilisfólki sínu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af hjúkrunar- og dvalarheimilum og koma þessu verkefni fyrir innan þess kerfis sem Skatturinn hefur þróað á undanförnum árum.

Þjónusta við eldri borgara á Vesturlandi

- Haustþing SSV skorar á ríkið að taka þátt í þeim aðgerðum sem lúta að samþættri öldrunarþjónustu í landshlutanum.

Í lokaskýrslu vinnuhóps um öldrunarmál á Vesturlandi, sem afhent var heilbrigðisráðherra á vordögum eru lagðar fram tillögur um aukið samstarf og samþættingu í málaflokknum.

Hópur eldra fólks fer hratt stækkandi á Íslandi og mikilvægt er að leita allra leiða til að hægt sé að tryggja góða heilbrigðisþjónustu á víðum grunni. Það er með tilliti til forvarna og annarra þátta sem og í samstarfi við félagasamtök. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag mun ekki duga þegar fram í sækir og nauðsynlegt er að huga að nýjum lausnum í samstarfi þeirra sem skyldum gegna við þá sem aldraðir teljast.

Í Velferðarstefnu Vesturlands er kveðið á um að ráðist verði í að auka samstarf og samþætta þjónustu við eldri borgara og sem hluti af aðgerð stefnunnar var skipaður vinnuhópur sem sátu fulltrúar frá sveitarfélögum, HVE og hjúkrunar- og dvalarheimilum á Vesturlandi. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu í upphafi árs 2022.

Heilsuefning eldri borgara

- Haustþing SSV hvetur til aukinnar vakningar á lýðheilsumálum eldri borgara og kallar eftir aðgerðum í þeim málum. Sveitarfélög séu efld til átaks í heilsuefningu eldra fólks.
- Haustþing SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að aukið verði við fjármagn til sérhæfðs starfsfólks sem sinni iðjuþjálfunarhluverki á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Haustþing SSV bendir á að samkvæmt Heilbrigðisstefnu Evrópu er lögð áhersla á grunngildi sem m.a. hvetja til þess að stutt sé við heilsuefningu á öllum æviskeiðum. Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 tekur mið af þeirri áherslu, þar sem tiltekið er að heilsuefning eldra fólks eigi að vera sérstakt forgangsmál í ljósi þess hve mikill ávinningur er í því fölginn. Mörg sveitarfélög á Vesturlandi hafa staðið að heilsuefningu eldra fólks án þess að fjárhagslegur stuðningur hafi verið veittur af hálfu ríkisins til sveitarfélaga.

Haustþing SSV bendir á að tilraunaverkefni Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands sem gengur út á heilsuefningarnámskeið fyrir eldri borgara hafi gefið góða raun, og eykur á heilsulæsi eldri borgara.

Haustþing SSV beinir því til heilbrigðisyfirvalda að styðja við þetta mikilvæga forvarnastarf sveitarfélaganna, hvort sem er með fjárhagslegum stuðningi eða með því að heilbrigðisþjónustan, sérstaklega heilsugæslan, taki virkari þátt í þessu starfi.

Búnaður heilbrigðisstofnana

- Haustþing SSV ítrekar áskorun sína á ríkisvaldið að tryggja nægar fjárveitingar til tækjakaupa HVE með viðbótarfjárveitingum líkt og undanfarin ár, og tryggja þannig endurnýjun og eflingu á mikilvægum tækjabúnaði.

Húsnæði heilbrigðisstofnana

- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að ráðast í átak til að bæta húsakost heilbrigðisstofnana á Vesturlandi, allt frá heilsugæslustöðvum til sjúkrahúsa. Gerð verði

Úttekt á ástandi bygginga í umsjón heilbrigðisstofnana í landshlutanum og ráðist í aðgerðir varðandi úrbætur.

Víðsvegar um landshlutann hefur viðhald húsnæðis HVE setið á hakanum og þróun húsnæðismála hafa ekki verið í samræmi við kröfur er varðar heilbrigðisstarfsemi.

Efling heilsugæslustöðva á Vesturlandi

- Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi verði eflað þannig að þær geti sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Heilsugæslustöðvar eru mjög mikilvægar í öllum byggðarlögum. Í nýlegri könnun Byggðastofnunar um byggðafestu og búferlaflutninga kemur fram að í huga þeirra sem hyggja á flutninga á næstu tveimur til þremur árum er betra aðengi að heilbrigðisþjónustu á meðal mikilvægustu áhrifabáttanna. Um 65% þátttakenda í könnuninni sem búa í bæjum og þorpum telja að aðengi að heilbrigðisþjónustu skipti nokkru eða miklu máli við ákvörðun um flutninga. Um 56% þátttakenda úr strjálbýli eru sama sinnis eins og um 50% þátttakenda sem búa í stærri bæjum (Byggðastofnun, 2019, 2020, 2021). Þær þurfa að vera vel í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stóráuknum, árstíðarbundnum íbúafjölda í frístundabyggðum sem þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda.

Geðheilbrigðismál

- Haustþing SSV skorar á ríkið að auka á fjárveitingar til geðheilbrigðismála. Mikið vantar uppá að íbúar njóti viðunandi þjónustu í málaflokknum og erfiðlega hefur gengið að ráða fagfólk til starfa sem sinnir geðheilbrigðismálum. Haustþing SSV hvetur til áframhaldandi fjárframlaga og að starfsemin í málaflokknum verði þróuð í samráði við sveitarfélögin.

Í lýðheilsuvísunum Landlæknisembættisins fyrir Vesturland fyrir árið 2021 kemur fram 29% fólks telur andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Í heimildum embættisins kemur jafnframt fram að fjöldi sjálfsvíga utan höfuðborgarsvæðisins hefur aukist undanfarin ár. Víða á landsbyggðinni er skortur á sálfræðingum og geðlæknum að sinna geðheilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lýðheilsuvísunum kemur fram að nemendur framhaldsskóla á starfssvæði HVE telur andlega heilsu sína góða, en þrátt fyrir það hafa nemendur í mennta- og framhaldsskólum minnt á mikilvægi andlegrar heilsu og aðgang að sálfræðingum í síbreytilegum heimi.

Afar mikilvægt er að standa vörð um andlega heilsu og bjóða viðunandi þjónustu fagfólks í greininni.

Börn með fjölþættan vanda

- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja börnum með fjölþættan vanda viðunandi heilbrigðisþjónustu fjármagnaða af ríkinu.

Öll börn eiga rétt á áhyggjulausri æsku og heilbrigðu lífni. Þar af leiðandi er brýnt að börn með fjölþættan vanda fái þá þjónustu sem þeim hentar til að ná þeim markmiðum.

Fjölþættur vandi getur verið andleg veikindi, hegðunarvandamál, fatlanir o.s.frv sem sveitarfélögunum er gert að standa straum af kostnaði. Sá kostnaður getur hlaupið á tugum milljóna króna og getur reynst sveitarfélögunum þungur baggi að bera. Því er afar brýnt að ríkið tryggi fjármagn til barna með fjölþættan vanda svo að hægt sé að bjóða þeim viðunandi aðstoð.

Sérhæfð heilbrigðisþjónusta á sjúkrahúsunum á Vesturlandi

- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að auka við sérverkefni í sjúkrahúsunum á Vesturlandi.
- Haustþing SSV skorar jafnframt á heilbrigðisráðherra og Alþingi að veita fjármagni í endurhönnun og uppbyggingu bakdeildarinnar á St. Fransiskusspítala.

Haustþing SSV fagnar opnun liðskiptaseturs við Sjúkrahúsið á Akranesi og hvetur stjórnvöld til að fullnýta afkastagetu setursins.

Við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi er starfrækt bakdeild sem sinnir á landsvísi sjúklingum með bakvandamál. Eftirspurn eftir þjónustunni hefur verið mikil. Húsakostur heilbrigðisstofnunarinnar er vannýttur og gefur tækifæri til að efla bakdeildina. Tryggja þarf fjármagn til reksturs bakdeildarinnar þannig að deildin geti eflst enn frekar og mætt þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustu hennar. Á sama tíma er nauðsynlegt að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskusspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til að sinna sinni þjónustu. Þannig mætti stytta biðlista um þjónustu sem öllum landsmönnum stendur til boða.

Fjarheilbrigðisþjónusta hjá HVE á Vesturlandi og innviðir hennar

- Haustþing SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að flýta uppbyggingu upplýsingatækni í þágu heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi. Tæknin er til staðar, t.d. með heilsuveru.is.

Haustþing SSV hvetur heilbrigðisyfirvöld til að nýta þau tækifæri sem liggja í tækninýjungum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, byggja upp og koma sem fyrst í gagn við fjölbreyttri fjarheilbrigðisþjónustu á öllum starfsstöðvum HVE á Vesturlandi. Með því mætti stíga skref til að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu, í samræmi við skyldur heilbrigðisstofnana skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1111/2020, um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Haustþing SSV hvetur jafnframt heilbrigðisráðherra, sem yfirmann heilbrigðismála í landinu, og heilbrigðisstofnanir landsins og aðrar stofnanir ráðuneytis heilbrigðismála til að nýta fyrirbyggjandi tækifæri í upplýsingatækni og stafrænum lausnum, til að koma á aukinni samvinnu, teymisvinnu og samskiptum heilbrigðisstarfsfólks, þannig að mannauðs- og sérfræðipækning nýtist betur í þágu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Með sama hætti megi bæta aðgengi sjúklinga að sérfræðiþjónustu og annarri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Nú þegar hafa víða miklir áfangasigrar unnist í framþróun stafrænna lausna, auk þess sem snjall lausnir á sviði heilbrigðisþjónustu hafa komið fram. Dæmi um það má nefna snjall lausnir

er varðar lyfjagjöf fyrir eldra fólk, heimaviðtöl hjúkrunarfræðinga í gegnum fjarfundarbúnað, heilsuvera.is og fleira.

Haustþing minnir á að enn á eftir að ljósleiðaravæða margar dreifðari byggðir landsins.

Þjónusta við konur og fjölskyldur í barneigniferli og eftir fæðingu

- Haustþing SSV leggur áherslu á að öll þjónusta og eftirlit við barneignir séu sem mest í heimabyggð mæðra og nýbura. Þá er átt við heimaþjónustu ljósmæðra, t.a.m. mæðra- og nýburaeftirlit og aðgengi að læknum á öllu þjónustusvæðinu, óháð ólíkum þörfum og búsetu foreldra. Þetta á einnig við um foreldrafræðslunámskeið HVE.

Stafrænar lausnir

- Haustþing SSV 2022 skorar á stjórnvöld að setja aukið fjármagn og að forgangsraða fjármunum í stafrænar lausnir þannig að upplýsingatækni sé nýtt til að bæta þjónustu við íbúa í verkefnum sem nú flæða á milli ríkis og sveitarfélaga.

Eins og fram kom í ályktunum um heilbrigðisþjónustu eru gríðarleg tækifæri fólgin í að bæta þjónustu með hjálp tækninnar. Þetta á við um opinbera þjónustu, svo sem við skráningu í tómstundir barna og unglunga, umsóknarferli og eftirlit er varðar framkvæmdir og svo má lengi telja. Þá eru augljós gildi í bættara upplýsingaflæði með hjálp upplýsingatækninnar.

Haustþing SSV telur að tækifæri séu fólgin í uppbyggingu snjall lausna hjá hinu opinbera og ávinningurinn sé betri þjónusta við íbúa og þjónustuþega og hagkvæmari rekstur sveitarfélaganna.

Húsnæðismál

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis um land allt verði að veruleika. Haustþing SSV fagnar þessum metnaðarfullu áformum og þeim árangri sem hefur nú náðst með stofnun og verkefnum Bríetar leigufélag og Brák hses.

Löggæsla og embætti sýslumanns

- Haustþing SSV skorar á ríkið að standa vörð um þjónustu sýslumanns á Vesturlandi. Haustþing SSV leggur áherslu á að styrkja þurfi kjarnaverkefni sýslumannsembættisins í landshlutanum og auka við innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar með það að markmiði að jafna aðstöðumun þjónustuþega og auka við góða og vandaða þjónustu sérhæfðs starfsfólks.
- Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglufólks á vakt á hverjum tíma, tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans. Enn fremur að tryggja að sérverkefni, eins og úrvinnsla gagna úr löggæslumyndavélum sem flytjast til embættisins séu fullfjármögnuð.

- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að bæta úr húsnæðis- og aðstöðuleysi lögreglunnar í Búðardal og að viðunandi lausn sé fundin á því máli hið fyrsta.

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands og dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa og stóraukins fjölda ferðamanna kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Aukin umferð því samhliða og ástand vega kallar jafnframt á stórukna löggæslu á vegum úti. Lögreglumenn á Vesturlandi eru orðnir svo fáir á vakt á hverjum tíma að ástæða er til að hafa áhyggjur af öryggi þeirra við skyldustörf og hvort þeir hafi tök á að sinna öllum verkefnum.

Sem dæmi um sérverkefni er úrvinnsla og afgreiðsla gagna úr löggæslumyndavélum á landinu sem Lögreglustjóraembættið á Vesturlandi hefur umsjón með. Slíkum myndavélum hefur fjölgað umtalsvert á liðnum árum og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríkisvaldinu svo embættið geti sinnt þessu hlutverki sínu.

Í dag er einn lögreglubíll staðsettur í Búðardal sem sinnir verkefnum og eftirliti á svæðinu. Engin aðstaða er fyrir starfsmann lögreglunnar á svæðinu, né viðunandi bílageymsla fyrir bifreiðina. Það er brýnt að bæta úr þessu.

Jöfnun húshitunnar kostnaðar og stuðningur við orkuskipti á köldum svæðum

- Haustþing SSV hvetur Alþingi til að halda áfram að jafna orkukostnað til húshitunnar, með það að markmiði að bæta lífskjör íbúa á köldum svæðum. Jafnframt verði stutt við framkvæmdir sem ráðist er í til að greiða fyrir orkuskiptum og lækka orkukostnað heimila og fyrirtækja á köldum svæðum.

Menningarmál

- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að settar verði jafnræðisreglur er varða úthlutanir menningartengdra styrkja á vegum hins opinbera, þannig að listafólk sem býr á landsbyggðinni hafi jafnan aðgang að styrkjum eins og t.d. listamannalaunum.
- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að auka framlag til Sóknaráætlana landshluta í takt við verðlagsþróun.

Undanfarin ár hefur verið halli í umsóknum og úthlutunum starfslauna listamanna á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Haustþing SSV hvetur til þess að ráðist verði í átak til að jafna dreifingu styrkja, t.a.m. listamannalauna, á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Enn fremur að hvati verði myndaður til að fagfólk í listum geti unnið að verkefnum í auknum mæli á landsbyggðinni.

Framlag til menningarverkefna Sóknaráætlana hafa haldist óbreytt undanfarin ár á meðan framlag frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála hefur verið í takt við verðlagsþróun. Ljóst er að Sóknaráætlun landshlutanna hefur leikið lykilhlutverk í uppbyggingu fjölbreytts menningarstarfs á landsbyggðinni, og þá sérstaklega grasrótarstarfi í listum. Haustþing hvetur til að aukið verði við framlög stjórnvalda til menningarmála Sóknaráætlana landshlutanna.